

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 23. janúar 2019 í máli nr. S-179/2018:

Ákærvaldið

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Guðmundur Ágústsson lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var 28. nóvember 2018, höfðaði héraðsaksóknari með ákæru 31. maí 2018 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa föstudaginn 10. febrúar 2017, á heimili A að [...] í [...], þegar A var 14 ára gömul, beitt A ofbeldi og ólögmati nauðung með því að læsa sjálfan sig og A inni í herbergi A og neita að opna þrátt fyrir að hún bæði hann um það, á meðan þau dvöldu í herberginu handleikið hníf sem ákærði hafði haft meðferðis þar til A náði hnífnum af honum, tekið um háls A, slegið höfði hennar við vegg, haldið henni niðri í rúmi hennar og í framhaldi haft samræði við A án samþykkis og gegn vilja hennar en A þorði ekki að veita ákærða mótspyrnu né kalla eftir hjálp á meðan á samræðinu stóð þar sem hún óttaðist ákærða vegna fyrra framferði hans og taldi að engin fullorðinn væri heima.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur hans, A kt. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000,- krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 10. febrúar 2017 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi ákærða að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikning, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

Kröfur ákærða í málinu eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds. Til vara krefst ákærði þess að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Hvað bótakröfu brotaþola varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð verulega. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegrar þóknunar sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Með bréfi 3. mars 2017 fór Fjölskyldusvið [...] fram á það við lögreglu að hafin yrði rannsókn á meintu kynferðisbroti ákærða gegn brotþola. Í bréfinu kom fram að ákærði og brotþoli hefðu átt í sambandi í skamman tíma áður en meint brot var framið. Atvik máls hefðu átt sér stað heima hjá brotþola að loknum skóladegi, en ákærði hefði beðið brotþola þar er hún kom heim úr skóla.

Faðir brotþola, B, gaf skýrslu hjá lögreglu 14. mars 2017 vegna málsins. Hjá honum kom fram að brotþoli hefði fyrst greint vinkonum sínum, C og D, frá meintu broti ákærða. Þær hefðu lagt hart að brotþola að segja kennara þeirra frá atvikinu, sem hún hefði síðan gert. Kennarinn hefði í framhaldinu haft samband við föður brotþola og upplýst hann um málið. Við skýrslugjöf sína hjá lögreglu hafði faðir brotþola meðal annars eftir dóttur sinni að ákærði hefði óvænt beðið eftir henni þegar hún kom heim úr skólanum. Allt hefði verið í góðu þeirra á milli framan af en þegar brotþoli hefði sagt ákærða að hún hefði ekki áhuga á að byrja með honum aftur hefði fas hans breyst. Ákærði hefði á einhverjum tímamarki læst herberginu sem þau voru í og neitað að láta brotþola fá lykilinn. Ákærði hefði viljað að þau svæfu saman en brotþoli neitað. Ákærði hefði haldið henni niðri, hún orðið hrædd og á endanum hefði hún látið undan þrýstingi og sofið hjá ákærða með því skilyrði að hann færi að því loknu. Eftir að hafa hlýtt á frásögn brotþola hefði B hafa farið með stúlkuna á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Samkvæmt framlagðri skýrslu E læknis var við skoðun á neyðarmóttöku 17. febrúar 2017, viku eftir að atvik máls gerðust, enga áverka að sjá á líkama brotþola. Þá kvaðst brotþoli aðspurð hvergi finna til. Í móttökuskýrslu F hjúkrunarfræðings kemur fram að brotþoli hafi sagt að ákærði hefði tekið hana hálstaki. Enga áverka hafi verið að sjá við skoðun sem framkvæmd hafi verið við komu brotþola á neyðarmóttökuna.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins fyrir lögreglu 29. mars 2017. Í skýrslu ákærða kom fram að hann hefði hitt brotþola fyrir utan heimili hennar umrætt sinn. Þau hefðu farið inn í herbergi brotþola, en inn í herbergið sé gengið úr forstofu hússins. Ákærði sagði þau fljótlega hafa farið að rífast en ákærði hefði verið pirraður og reiður yfir því sem hann sagði hafa verið framhjáhald brotþola. Meðan á rifrildinu stóð hefðu yngri systur brotþola verið að ganga um útidyrnar og hefði ákærði því ákveðið að læsa herberginu svo þær myndu ekki ónáða hann og brotþola. Á meðan þau rifust hefði brotþoli krafið ákærða um lykilinn en hann neitað. Þegar þau hefðu verið orðin þreytt á að rífast og öskra hvort á annað hefðu þau sest niður í rúm brotþola. Ákærði hefði síðan látið brotþola fá lykilinn að herberginu og gefið henni færi á því að segja til um hvort hún vildi að hann færi, hvort „... þetta væri bara búið.“ Brotþoli hefði horft niður og hún hrist hausinn.

Brotapoli hefði virst mjög óákveðin og hún ekki vitað hvað hún vildi. Þau hefðu eftir þetta rætt saman um stund á rólegum nótum og hefði ákærði síðan stungið upp á því að þau myndu stunda kynlíf einu sinni enn áður en þau héldu hvort í sína áttina. Brotapoli hefði samþykkt það og hún í kjölfarið klætt sig sjálf úr fötunum. Þau hefðu síðan haft kynmök og meðan á þeim stóð hefði ekkert í fari brotþola gefið til kynna að hún væri þeim mótfallin. Að þeim loknum hefði ákærði klætt sig, brotþoli opnað herbergisdýrnar fyrir honum, þau faðmast og ákærði síðan farið.

Ákærði gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 1. desember 2017. Kom þá meðal annars fram hjá ákærða að brotþoli hefði ógnað honum með hnífi þegar hún hefði verið að reyna að fá hann til að afhenda sér herbergislykilinn samkvæmt áðursögðu. Brotþoli hefði meðal annars borið hnífinn upp að hálsi ákærða. Hnífinn sagðist ákærði hafa verið með í úlpuvasa sínum fyrir tilviljun umrætt sinn. Hnífurinn hefði dottið úr vasanum þegar ákærði hefði kastað úlpunni út í horn í herberginu og brotþoli í framhaldinu tekið hann upp.

Tekin var skýrsla af brotþola fyrir dómi í Barnahúsi vegna málsins 7. apríl 2017. Í skýrslu brotþola kom fram að ákærði hefði um miðjan febrúarmánuð 2017, inni í herbergi brotþola á heimili hennar, öskrað á hana og tekið um háls hennar. Hann hefði síðan sleppt takinu með þeim afleiðingum að höfuð brotþola skall utan í vegg. Brotþoli hefði orðið mjög hrædd og hún „frosið“ vegna framgöngu ákærða. Ákærði hefði í kjölfarið káfað á brotþola, fært sig úr fötunum, togað buxur brotþola niður, sett á sig smokk og haft samfarir við brotþola gegn hennar vilja. Kvaðst stúlkan hafa grátið meðan á samförunum stóð. Að þeim loknum hefði ákærði klætt sig aftur, hent smokknum og farið.

Við rannsókn málsins tók lögregla skýrslur af móður brotþola, kennara stúlkunnar og þremur vinkonum hennar. Rannsókn lögreglu lauk í mars 2018. Í kjölfarið gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða 5. apríl sama ár samkvæmt áðursögðu.

II

Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins lýsti ákærði atvikum máls svo að hann hefði dvalið í [...] í þrjár til fjórar vikur jólin 2016. Hann og brotþoli hefðu þá verið búin að vera saman í tvo til þrjá mánuði. Brotþoli hefði verið 14 ára meðan að sambandið varði en ákærði 16 ára. Þau hefðu stundað kynlíf á því tímabili og hefði brotþoli upplýst móður sína um að svo væri.

Á meðan ákærði var úti hefði hann frétt af framhjáaldi brotþola. Þegar hann hefði komið til baka hefði brotþoli verið fjarlæg. Hinn 10. febrúar 2017 kvaðst ákærði hafa farið heim til brotþola. Þau hefðu þá verið nýhætt saman. Dagana á undan hefði hann ítrekað verið búinn að krefja brotþola svara um það með hverjum hún hefði haldið framhjá, án þess að fá við því svar. Tilganginn með

heimsókninni sagði ákærði hafa verið að ræða samband þeirra brotþola og í raun að kveðja hana og hefði hann haft rósir og súkkulaði meðferðis. Ákærði kvaðst hafa gert boð á undan sér með því að senda brotþola skilaboð, annað hvort með SMS-skilaboðum eða á Messenger-samskiptaforritinu.

Þegar brotþoli kom heim hefðu þau farið inn í herbergið hennar. Sérstaklega spurður út í það sem haft væri eftir honum í skýrslu hjá lögreglu, um að hann hefði hengt úlpuna sína upp áður en hann fór inn í herbergið, svaraði ákærði því til að það hefði hann venjulega gert þegar hann kom heim til brotþola, oft til þess að gista, en í þetta skiptið hefði hann ekki hengt úlpuna upp frammi. Inni í herberginu hefðu hann og brotþoli síðan rætt saman. Samtalið hefði fyrst verið á rólegum nótum en síðan hefðu þau farið að rifast. Þau hefðu bæði orðið mjög reið og rifrildið orðið hávært og staðið yfir í nokkurn tíma. Meðan á því stóð sagðist ákærði hafa læst þau inni. Tilganginn með því sagði ákærði hafa verið að tryggja að yngri systur brotþola kæmu ekki inn og trufluðu þau, svo sem þær hefðu átt til að gera. Ákærði kvaðst hafa haft lykilinn á sér mestan tímann á meðan þau rifust.

Fram kom hjá ákærða að meðan á rifrildinu stóð hefði hann farið úr úlpunni og kastað henni út í horn. Við það hefði hnífur sem var í einum úlpuvasanum dottið í gólfið. Hnífinn hefði brotþoli tekið upp og lagt á kómmóðu í herberginu. Ákærði sagði hníf þennan vera þeirrar gerðar að hægt væri að hafa hann lokaðan þegar hann væri ekki í notkun. Þannig hefði hnífurinn verið í úlpuvasanum. Ákærði kvaðst hafa látið hnífinn eiga sig, enda hefði hann ekkert ætlað sér með hann þarna inni í herberginu. Spurður um ástæðu þess að hnífurinn var í vasanum svaraði ákærði því til að eftir að hann hóf að taka þunglyndislyf hefði hann oft farið inn skóg til að tálga. Það hefði róað huga hans mikið að fara út skóg nálægt þeim stað þar sem hann var í skóla og dvaldi hjá afa sínum og hlusta á niðinn í vatninu og tálga. Var á ákærða að skilja að þetta hefði vakið áhuga hans á hnífum og hann því eignast lítið hnífafsn. Þennan tiltekna hníf hefði ákærði verið nýbúinn að kaupa af félaganum sínum og ætlað að hafa hann sem skrautmun uppi á hillu. Hann hefði ekki munað eftir hnífnum í úlpuvasanum fyrr en hann datt úr honum og í gólfið.

Ákærði sagði brotþola hafa krafist þess að hann afhenti henni lykilinn að herberginu. Hann hefði neitað og hún þá ítrekað reynt að ná lyklinum úr höndum hans. Ákærði sagðist sjá núna að auðvitað hefði hann átt að afhenda brotþola lykilinn.

Er þarna var komið sögu kvaðst ákærði hafa verið orðinn hálf raddlaus eftir rifrildið og alveg búinn á því. Hann hefði því lagst niður í rúm brotþola. Brotþoli hefði þá sest ofan á ákærða og lagt fyrrnefndan hníf, sem hún hefði haldið á og verið búin að opna, að þeirri hendi ákærða sem lykillinn var í til þess að reyna að fá hann til að opna lófann. Brotþoli hefði einnig lagt hnífinn upp að hálsi hans.

Brotapoli hefði hefði hins vegar ekki beitt hnífnum gegn ákærða og hann ekki upplifað það hvernig hún handlék hnífinn „... sem lífshótandi.“ Á endanum hefði brotapolí gefist upp á því að ná lyklinum. Í kjölfarið hefðu þau bæði róast niður og náð að ræða saman í stutta stund á rólegum nótum.

Eftir þær samræður kvaðst ákærði hafa ákveðið að fara og hefði hann því afhent brotapolá herbergislykilinn. Í kjölfarið hefði hann stungið upp á því við brotapolá að þau hefðu kynmök í síðasta sinn, svona „bless, bless“ kynmök. Bar ákærði að þegar hann liti til baka fyndist honum þetta hafa verið heldur „fljóta spurningu“ hjá sér eftir það sem á undan var gengið. Brotapoli hefði í fyrstu ekki svarað spurningunni en þegar ákærði hefði ítrekað spurninguna hefði hún kinkað kalli. Ákærði hefði í kjölfarið spurt hana að því hvort hún væri viss. Brotapoli hefði lágum rómi svarað játandi og síðan kinkað kalli. Í kjölfarið hefðu þau haft kynmök. Þeim lýsti ákærði nánar svo að hann hefði sjálfur klætt sig úr fötunum. Brotapoli hefði einnig klætt sig að mestu leyti úr sjálf. Ákærði hefði verið með smokk sem hann hefði sjálfur sett upp. Brotapoli hefði legið á bakinu í rúminu og ákærði ofan á henni. Ákærði hefði verið með hendurnar við mjaðmir brotapolá og hefði hún haldið í þær. Kynmökkin sagði ákærði hafa borið þess merki að bæði hefðu þau fengið þá tilfinningu að „... þetta væri mögulega rangt. ... Þetta var aðeins öðruvísi miðað við venjulega.“ Ákærði kvaðst hafa fengið sáðlát og að því loknu hefði hann tekið af sér smokkinn, bundið fyrir hann og hent honum í ruslið.

Ákærði fullyrta að kynmökkin hefðu átt sér stað án nokkurs þrýstings af hans hálfu og hefði brotapolí verið þátttakandi í þeim. Neitaði ákærði að ofbeldi hefði verið beitt í aðdraganda kynmakanna. Sérstaklega aðspurður sagðist ákærði hvorki hafa tekið um háls brotapolá né ýtt eða hrint henni upp að vegg og haldið henni þar. Hann neitaði því jafnframt að hafa haft í frammi hótanir í garð brotapolá. Þá kannaðist ákærði alls ekki við að brotapolí hefði tárast eða grátið meðan á kynmökunum stóð. Ákærði sagði brotapolá á öllum stigum hafa getað bundið enda á kynmökkin hefði hún verið þeim mótfallin. Eftir að kynmökunum lauk hefðu þau setið saman í þögn en ákærði síðan tekið úlpuna sína og ætlað út. Hurðin hefði þá enn verið læst og hefði brotapolí komið með lykilinn og tekið dyrnar úr lás. Ákærði hefði í kjölfarið opnað dyrnar, hann klætt sig í skóna frammi í forstofu og síðan farið. Hnífinn sinn kvað ákærði hafa orðið eftir hjá brotapolá. Eftir að leiðir þeirra brotapolá skildu þarna í forstofunni sagði ákærði þau ekki hafa talað saman aftur.

Ákærði kvað engan hafa komið inn í herbergið til hans og brotapolá á meðan þau dvöldust þar um rætt sinn. Hann hefði hins vegar heyrt umgang frá litlu systur brotapolá og vinkonum hennar frammi á gangi. Þá hefði brotapolí, sem verið hefði með símann sinn innan seilingar allan tímann, fengið símtal á meðan þau dvöldu í herberginu. Frá hverjum kvaðst ákærði ekki vita með vissu en hann taldi að

símtalið hefði verið frá móður brotþola. Brotþoli hefði sagt viðmælandanum að hún myndi hringja til baka. Þegar símtalið barst hefði rifrildi ákærða og brotþola ekki verið hafið af alvöru. Ákærði sagði brotþola einungis hafa borist þetta eina símtal á meðan hann dvaldi í herbergi hennar umrætt sinn og kannaðist hann aðspurður alls ekki við að hafa öskrast á við vinkonu brotþola í síma.

III

A, brotþoli í málinu, sagði hana og ákærða hafa verið saman í um það bil fjóra mánuði síðla árs 2016. Þau hefðu stundað kynlíf meðan á sambandinu stóð og hefði foreldrum hennar verið um það kunnugt. Brotþoli kvaðst hafa átt frumkvæðið að sambandsslitum þeirra þar sem hún hefði ekki lengur verið hrifin af ákærða. Jafnframt hefði henni fundist hegðun hans á stundum vera óþægileg og „aggressíf“.

Brotþoli sagði ákærða hafa verið í [...] með fjölskyldu sinni yfir jól og áramót 2016/2017. Þegar ákærði hefði komið til baka úr ferðinni hefði hann viljað hitta brotþola og ræða ástæðu þess að hún sleit sambandi þeirra, en það hefði hún gert á Facetime þegar ákærði var ytra. Brotþoli hefði samþykkt þá beiðni ákærða. Auk þess sem síðar greinir nefndi brotþoli í skýrslu sinni fyrir dómi, sem ástæður fyrir sambandsslitunum, að henni hefði þótt ákærði stundum sýna af sér ósæskilega hegðun er henni hefði ekki líkað, sem ekki hefði beinlínis beinst að brotþola, en samt hrætt hana. Nefndi brotþoli í því sambandi reiðiköst sem ákærði hefði tekið og einnig nokkurn fjölda lítilsvirðandi og niðrandi skilaboða ákærða til fyrrum unnustu hans, sem brotþoli hefði fyrir tilviljun séð í síma ákærða.

Þegar brotþoli hefði komið heim úr skólanum 10. febrúar 2017 hefði ákærði beðið brotþola fyrir utan heimili hennar. Þau hefðu farið saman inn í herbergi brotþola og hefði ákærði lokað og læst hurðinni. Tók brotþoli fram að hún hefði í fyrstu haldið að ákærði hefði skilið lykilinn eftir í skránni. Þau hefðu síðan sest á gaflinn á rúmi brotþola og byrjað að spjalla saman. Brotþoli kvaðst hafa greint ákærða hreinskilnislega frá því af hverju hún hætti með honum, en hún hefði ekki lengur verið hrifin af honum og meira þótt vænt um hann sem vin. Að því sögðu hefði brotþoli veitt því athygli að önnur hönd ákærða tók að titra aðeins. Skyndilega hefði hann kippst við og tekið brotþola hálstaki. Ákærði hefði síðan haldið brotþola niðri í rúminu og starað á hana. Brotþola hefði brugðið mjög við þessa framgöngu ákærða og hefði hún ekki áttað sig á því hvað honum gekk til. Ákærði hefði síðan kippt hendinni jafn skyndilega að sér. Brotþoli hefði sest aftur upp en ákærði þá tekið að nýju um háls hennar og ýtt henni niður. Brotþoli hefði reynt að losna úr greip ákærða en það ekki tekist, enda væri hann sterkari en hún. Þegar brotþoli hefði verið að reyna að losa sig hefði höfuð hennar skolið í vegginn en „... ég veit ekki hvort það var viljandi eða ekki ...“ Á meðan ákærði hélt

brotapola hefði hann kysst hana. Ákærði hefði einnig öskrað á brotapolu og kennt henni um þessa hegðun sína. Um þetta leyti kvaðst brotapoli hafa veitt því athygli að lykillinn var ekki í skráargatinu á herbergishurðinni og þá áttað sig á því að hún gæti ekki flúið út úr herberginu. Hún hefði innt ákærða eftir því hvort hann væri með lykilinn og hann svarað því játandi og bætt því við að hann hygðist ekki láta hana hafa lykilinn. Hvar ákærði geymdi lykilinn sagðist brotapoli ekki hafa vitað.

Í skýrslu brotapolu kom einnig fram að ákærði hefði um tíma haldið á hnífi sem hún hefði náð að rífa af honum. Brotapoli hefði sett hnífinn undir sig svo ákærði næði ekki í hann. Hnífinn sagði brotapoli hafa verið lokaðan þegar hún náði honum af ákærða. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotapoli ekki minnst þess að hún hefði sjálf opnað hnífinn, líkt og ákærði hefur haldið fram.

Eftir að hafa ítrekað reynt að losa sig, án árangurs, kvaðst brotapoli hafa „frosið“. Hún hefði verið orðin hrædd og legið varnar- og hreyfingarlaus. Kvaðst brotapoli reka minni til þess að ákærði hefði spurt hana að því hvort hún vildi stunda með honum kynlíf. Brotapoli, sem þá hefði verið farin að gráta, sagðist engu hafa svarað. Á einhverjum tímupunkti hefði ákærði einnig nefnt við brotapolu að þau yrðu „friends with benefits“ en á því hefði brotapoli engan áhuga haft. Ákærði hefði í framhaldinu farið undir föt brotapolu, ýtt bol sem hún var í upp og togað buxurnar niður. Ákærði hefði síðan haft við hana samfarir um leggöng gegn hennar vilja. Brotapoli kvaðst hafa verið ófær um að andæfa ákærða, enda verið orðin mjög hrædd við hann. Brotapoli hefði ekki getað kallað á hjálp þar sem einungis systur hennar tvær, sem þá hefðu verið sex og sjö, eða sjö og átta, ára gamlar, hefðu verið heima. Spurð um með hvaða hætti ákærði hefði haft við hana samfarir bar brotapoli að hún hefði legið á bakinu og hann ofan á henni. Ákærði hefði notað smokk sem hann setti sjálfur á sig með annarri hendi. Hinni hendinni hefði ákærði haldið um annan úlnlið brotapolu. Áréttaði brotapoli að hún hefði engan þátt tekið í samförunum. Hún hefði bara legið og grátíð. Að samförunum loknum sagðist brotapoli hafa legið áfram í rúminu en ákærði klætt sig. Stuttu síðar hefði hann opnað herbergisdyrnar og farið. Brotapoli lýsti líðan sinni eftir að ákærði fór svo að hún hefði bæði verið leið og reið, en fyrst og fremst hefði hún verið í áfalli.

Aðspurð kvaðst brotapoli ekki hafa verið með símann sinn á sér þegar atvik máls gerðust. Taldi hún að síminn hefði verið í töskunni hennar. Minntist brotapoli þess ekki að hafa fengið símtal á meðan hún og ákærði dvöldu í herberginu. Kvað brotapoli ákærða aldrei hafa beitt sig ofbeldi áður en atvik þessi gerðust.

Brotapoli sagðist ekki hafa treyst sér til þess að segja móður sinni frá því sem gerðist, meðal annars vegna aðstæðna í lífi móður hennar á þeim tíma. Brotapoli minntist þess ekki aðspurð að vinkonur hennar, C og D, hefðu komið til hennar að kvöldi umrædds dags. Hún kvaðst hins vegar hafa rætt við þær í síma. Um kvöldið

eða daginn eftir hefðu brotþola borist skilaboð frá ákærða þar sem hann hefði spurt hvenær hann ætti að koma aftur. Brotþoli hefði svarað ákærða og sagt honum að ekkert í þá veru stæði til. Ákærði hefði þá hringt í brotþola, haft í hótunum við hana og sagt að hún gæti ekki stöðvað hann í því að koma aftur. Brotþola hefði verið mjög brugðið við þetta og hefði hún í kjölfarið haft samband við G, en hún hefði verið kærasta besta vinar ákærða. G hefði í kjölfarið tjáð brotþola að kærasti hennar hefði talað við ákærða og sagt honum að halda sig frá brotþola.

Um það bil viku eftir atvikið í herberginu hefði brotþoli ákveðið að fara með vinkonum sínum, C og D, til kennara þeirra og greina kennaranum frá því sem gerðist. Brotþola minnti að hún hefði fyrst sagt vinkonum sínum frá því sem gerðist þann sama dag. Í fyrstu hefði brotþoli látið líta út fyrir að brotþolinn væri einhver vinkona hennar en kennarinn hefði strax áttað sig á því að um brotþola sjálfa væri að ræða. Hún hefði í kjölfarið sett sig í samband við foreldra brotþola og lögreglu.

Brotþoli kvaðst vera í meðferð í Barnahúsi vegna áfallastreituröskunar sem tengdist broti ákærða gegn henni. Brotþoli lýsti líðan sinni fyrstu mánuðina eftir að atvik máls gerðust sem hræðilegri. Líðanin hefði hins vegar farið batnandi eftir því sem frá liði.

H, móðir brotþola, kvaðst hafa heyrt af málinu í símtali sem hún hefði átt við föður brotþola daginn sem stúlkan greindi vinkonum sínum og kennara frá því sem gerðist. Þegar vitnið ræddi við föður brotþola hefði hann verið búinn að ræða við kennara stúlkunnar. Síðar þennan sama dag hefði vitnið talað við brotþola sem greint hefði svo frá að ákærði hefði nauðgað henni inni í herbergi hennar viku áður. Þegar það gerðist hefðu brotþoli og ákærði verið tiltölulega nýhætt saman en þau hefðu ætlað að hittast þennan dag og ræða saman.

Fram kom hjá vitninu að það hefði vitað að brotþoli hefði viljað slíta sambandi sínu við ákærða fyrr en hún gerði. Það hefði dregist þar sem brotþoli, sem allt að einu hefði þótt vænt um ákærða, hefði haft áhyggjur af líðan hans í kjölfar sambandsslita og viðbrögðum hans við þeim. Áhyggjur brotþola hefðu meðal annars lotið að því að ákærði myndi mögulega skaða sjálfan sig alvarlega sliti hún sambandi þeirra.

Nánar um atvikin hefði vitnið fregnað í samræðum við brotþola, sem átt hefðu sér stað tveimur eða þremur dögum eftir að vitnið heyrði fyrst af málinu, að ákærði hefði verið ógnandi umrætt sinn og hann læst herbergisdyrunum. Ákærði hefði lýst því yfir að hann myndi ekki fara fyrr en hann væri búinn að fá að sofa hjá brotþola. Ákærði hefði í kjölfarið neytt stúlkuna til samræðis, án þess að beita hana beinlínis líkamlegu ofbeldi. Brotþoli hefði grátið og beðið ákærða um að

hætta en hann horft glottandi í augun á henni. Þegar ákærði hefði verið búinn að ljúka sér af hefði hann farið. Vitnið kvaðst aðspurt leggja trúnað á frásögn brotaþola. Vitnið hefði almennt ekki staðið stúlkuna að ósannindum.

Vitnið sagði brotaþola ekki mikið flika tilfinningum sínum. Hún hefði hins vegar verið brothætt eftir að atvik máls gerðust. Þá hefði hún glímt við sjálfsásakanir og tilgangsleysi. Vitnið nefndi eitt tilvik þar sem brotaþoli hefði komið grátandi heim vegna áfalls sem hún hefði orðið fyrir við að sjá ákærða fyrir tilviljun á bensinstöð. Brotaþoli hefði þegið meðferð hjá sérfræðingi í Barnahúsi vegna þess sem gerðist. Stúlkun þyrfti á meðferðinni að halda. Brotaþoli vildi sækja tímana í Barnahúsi og hún fyndi að þeir hjálpuðu henni.

Vitnið staðfesti aðspurt að hafa vitað af því að brotaþoli og ákærði stunduðu kynlíf meðan á sambandi þeirra stóð. Vitnið kannaðist hins vegar ekki við að hafa rætt símleiðis við brotaþola um það leyti sem brotaþoli og ákærði voru í herbergi brotaþola umræddan dag.

B, faðir brotaþola, bar fyrir dómi að honum hefði borist símtal frá kennara brotaþola viku eftir að atvik máls gerðust og hann verið beðinn um að koma í skólann og ræða við brotaþola. Vitnið hefði strax farið til fundar við brotaþola og kennara hennar í skólanum. Brotaþoli hefði þar greint vitninu svo frá atvikum að hún hefði umræddan dag komið heim og hefði ákærði þá beðið eftir henni. Á þeim tíma hefðu brotaþoli og ákærði verið tiltölulega nýhætt saman. Þau hefðu farið inn og spjallað saman. Ákærði hefði viljað að þau byrjuðu saman aftur en það hefði brotaþoli ekki viljað. Á einhverjum tímapunkti hefði ákærði læst herberginu. Hann hefði síðan lýst yfir vilja til þess að sofa hjá brotaþola. Það hefði hún ekki viljað en verið orðin hrædd við ákærða. Þetta hefði endað með því að ákærði og brotaþoli sváfu saman gegn því að ákærði færi að því loknu. Nánar spurt um hvort fram hefði komið hjá brotaþola að hún hefði veitt samþykki sitt fyrir kynmökunum svaraði vitnið: „Nei, hún sagði við mig að hún hefði gert þetta til að hann færi.“ Brotaþoli hefði hins vegar ekki nefnt sérstaklega að ákærði hefði beitt hana ofbeldi.

Vitnið kvaðst hafa trúnað brotaþola, „... að þetta væri alla vega hennar upplifun ...“ af því sem gerðist. Vitnið hefði í upphafi sett ákveðna fyrirvara við frásögn brotaþola í ljósi þess að hún væri greind með [...] og lesi af þeim sökum ekki alltaf rétt í aðstæður. Þá hefði vitnið haft vitneskju um það að brotaþoli hefði verið búin að vera lyfjalaus um tíma þegar atvik máls gerðust. Vitnið legði hins vegar trúnað á frásögn brotaþola þrátt fyrir að hafa haft þennan fyrirvara á frásögn stúlkunnar í upphafi. Frásögn brotaþola hefði verið stöðug allt frá því stúlkun greindi vitninu fyrst frá. Spurt út í hvaða ástæðu brotaþoli hefði gefið fyrir hræðslu sinni við ákærða svaraði vitnið því til að brotaþoli hefði sagt ákærða stundum áður hafa sýnt af sér „þínu ógnandi hegðun“. Þá hefði hann einhvern tímann hóttað að

skaða sjálfan sig.

Eftir að hafa rætt við brotþola í skólanum kvaðst vitnið hafa farið með hana á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Vitnið hefði í framhaldinu farið ásamt móður brotþola á fund hjá félagsráðgjafa hjá [...] vegna málsins. Brotþola kvað vitnið hafa verið hrædda við að kæra þar sem hún hefði óttast að litið yrði svo á að orð stæði gegn orði og því þyrfti hún að ganga í gegnum langt ferli sem síðan kæmi ekkert út úr. Félagsráðgjafinn hefði, eftir að hafa hlýtt á reifun á atvikum málsins, hins vegar sagt málið þannig vaxið að það ætti að kæra.

Vitnið sagði brotþola hafa fengið aðstoð í Barnahúsi. Brotþoli hefði verið hrædd og ekki alveg sjálfri sér lík eftir það sem gerðist.

Fram kom hjá vitninu að það hefði verið meðvitað um það á sínum tíma að brotþoli og ákærði hefðu stundað kynlíf meðan á sambandi þeirra stóð.

I var umsjónarkennari brotþola er atvik máls gerðust. Vitnið sagði brotþola hafa komið að máli við sig í skólanum og treyst sér fyrir því sem gerst hefði. Atvikum hefði brotþoli lýst svo að ákærði, fyrrverandi kærasti stúlkunnar, hefði komið heim til hennar og nauðgað henni. Í aðdraganda þess, eftir að sambandi þeirra var lokið, hefði ákærði verið búinn að ásækja hana á samfélagsmiðlum og hafa samband við vinkonur hennar.

Í kjölfarið hefði vitnið haft samband við foreldra stúlkunnar. Faðir brotþola hefði komið í skólann þar sem stúlkan hefði, að vitninu viðstöddu, greint honum frá því sem gerðist. Vitnið sagðist hafa rætt einslega við föður brotþola eftir að stúlkan hafði lýst atvikum. Faðirinn hefði í því samtali sagt að hann væri ekki viss um hvort hann tryði frásögn stúlkunnar. Vitnið hefði sagt að það breytti engu um að bregðast yrði við frásögn brotþola. Ætti hún ekki við rök að styðjast kæmi það einfaldlega í ljós síðar. Úr skólanum hefðu brotþoli og faðir hennar farið á neyðarmóttökuna.

Fram kom hjá vitninu að því hefði virst brotþola líða mjög illa þegar hún greindi frá atvikum. Stúlkan hefði skolfið og verið hálfgrátandi. Kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á frásögn hennar.

C, vinkona og skólasystir brotþola, bar fyrir dómi að brotþoli hefði greint henni frá atvikum máls skömmu eftir að þau gerðust. Hvenær það var gat vitnið ekki sagt nákvæmlega til um en kvað það mögulega hafa verið sama dag eða daginn eftir.

Fram kom hjá vitninu að brotþoli hefði slitið sambandi hennar og ákærða. Ákærði hefði ekki viljað setta sig við að sambandinu væri lokið. Brotþoli hefði lýst málsatvikum svo að ákærði hefði læst hana inni í herberginu hennar. Brotþoli hefði orðið hrædd og ekki vitað hverju hún ætti von á. Ákærði hefði síðan nauðgað

henni. Sjá hefði mátt á brotþola meðan hún greindi frá að hún var niðurbrotin og leið mjög illa. Nánari lýsingu brotþola á atvikum kvaðst vitnið aðspurt ekki muna.

Vitnið fullyrti að það hefði rætt við brotþola í síma þegar hún og ákærði voru saman í herbergi brotþola umrætt sinn. Erindi vitnisins hefði verið að láta brotþola vita af því að vitnið kæmi ekki til hennar síðar um daginn þar sem það væri að fara á knattspyrnuæfingu. Í símtalinu hefði brotþoli sagt vitninu að ákærði hefði komið til hennar og væri hjá henni staddur. Vitnið hefði innt brotþola eftir ástæðu þess fyrst þau væru hætt saman. Ástæðuna hefði brotþoli sagt þá að ákærði hefði viljað ræða við hana. Vitnið sagði greinilegt hafa verið að ákærði hefði verið ósáttur við sambandsslitin. Meðan á símtalinu stóð hefði vitnið ítrekað heyrt brotþola öskra á ákærða að láta sig fá lykilinn að herberginu. Einnig hefði komið fram í símtalinu að ákærði væri með hníf. Brotþoli hefði svo sagt vitninu að hún þyrfti að fara og skellt á. Vitnið sagðist hafa komið heim til brotþola að kvöldi þessa sama dags ásamt sameiginlegri vinkonu þeirra brotþola, D. Hvað þá fór þeirra á milli kvaðst vitnið ekki muna.

Vitnið sagðist ásamt D hafa hvatt brotþola til þess að segja mömmu sinni frá broti ákærða. Hún hefði hins vegar ekki viljað það. Úr hefði síðan orðið að brotþoli sagði kennara þeirra, I, sem þær hefðu treyst mjög vel, frá því sem gerðist. Eftir að hafa hlýtt á frásögn brotþola hefði I haft samband við foreldra brotþola og upplýst þau um málið.

Vitnið kvað líðan brotþola hafa lagast aðeins eftir því sem frá atvikum máls hefur liðið. Líðan hennar væri samt sem áður enn slæm.

D bar fyrir dómi að viku eftir að atvik máls gerðust hefði brotþoli greint henni frá því að ákærði hefði nauðgað henni. Fram hefði komið hjá brotþola að ákærði hefði komið heim til hennar umræddan dag, læst hana inni í herberginu hennar og nauðgað henni. Brotþoli hefði verið „í sjokki“ þegar hún greindi frá. Vitnið kvaðst hafa lagt trúnað á frásögn hennar. Aðspurt staðfesti vitnið sem rétt það sem haft er eftir vitninu í skýrslu þess hjá lögreglu um að brotþoli hefði jafnframt nefnt að ákærði hefði verið með hótanir í garð brotþola og tekið um háls hennar.

Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa farið í heimsókn til brotþola ásamt C að kvöldi þess dags sem atvik máls gerðust.

G kvaðst hafa frétt af atvikum máls þessa frá C nokkrum dögum eftir að þau gerðust. Skömmu síðar hefði vitnið hitt brotþola sem sagt hefði vitninu ítarlegar frá atvikum. Vegna þess hversu langt væri um liðið kvaðst vitnið ekki muna frásögn brotþola vel í dag. Vitnið myndi þó að brotþoli hefði greint frá því að ákærði hefði komið til hennar eftir að þau voru nýhætt saman. Ákærði hefði viljað tala við brotþola en hún ekki haft á því áhuga. Ákærði hefði haft í hótunum við brotþola

og læst hana inni í herberginu hennar. Í kjölfarið hefði hann nauðgað henni. Vitnið sagði brotþola hafa verið hágrátandi þegar hún greindi frá. Sagðist vitnið hafa trúað frásögn brotþola.

F hjúkrunarfræðingur bar að hún hefði tekið á móti brotþola 17. febrúar 2017, kl. 13:00, á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Þangað hefði brotþoli komið í fylgd föður síns.

Vitnið kvað brotþola hafa lýst fyrir því atviki sem gerst hefði viku áður. Gerandinn hefði verið fyrirverandi kærasti brotþola, sem stúlkan hefði nafngreint, ákærði í máli þessu. Vitnið hefði kallað til lækni vegna sögu brotþola en stúlkan hefði nefnt að ákærði hefði tekið hana kverkataki og óljóst hefði verið hvort hún bæri áverka eftir það. Vegna þess hversu langt hefði verið liðið frá atvikinu hefði hins vegar ekki verið framkvæmd réttarlæknisfræðileg skoðun með tilliti til lífsýna.

Fram kom hjá vitninu að brotþoli hefði lýst atvikum svo að hún og ákærði hefðu verið par um tíma. Þau hefðu síðan hætt saman og hefði ákærði tekið sambandsslitunum mjög illa. Vitnið hefði skynjað á brotþola hræðslu gagnvart ákærða en á sama tíma einnig vorkunn í hans garð þar sem hann hefði verið búinn að eiga í erfiðleikum. Þegar þau hefðu hist til þess að tala saman, að beiðni ákærða, hefði hann brotið gegn henni kynferðislega. Í frásögn brotþola hefði komið fram að ákærði hefði tekið hana kverkataki með annarri hendi. Vitnið sagði brotþola hafa borið það með sér að hafa grátið skömmu áður. Þá hefði vitnið greint mikinn kvíða hjá stúlkunni vegna þess sem hafði gerst. Vitnið kvað brotþola hafa virkað þroskaða í frásögn sinni og hefði hún verið mjög trúverðug.

E læknir bar fyrir dómi að hún hefði verið kölluð til af hjúkrunarfræðingi vegna komu brotþola á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Vitnið hefði rætt við brotþola en ekki framkvæmt á henni kvenskoðun vegna þess hversu langt hefði verið liðið frá atvikum.

Vitnið kvað brotþola hafa virst þroskaða miðað við ungan aldur og hefði hún gefið greinargóða sögu af atvikum. Brotþoli hefði greint frá því að viku áður hefði fyrirverandi kærasti hennar, ákærði í málinu, neytt hana til þess að hafa við hann samfarir. Fram hefði komið hjá brotþola að ákærði hefði tekið hana hálstaki, en ekki mjög föstu þó. Ákærði hefði tekið hana úr hlýraból og jogging-buxum, sett á sig smokk og haft við hana samfarir, gegn hennar vilja. Staðfesti vitnið aðspurt að það sem fram kæmi í skýrslu þess um frásögn sjúklings þess efnis að ákærði hefði verið með hníf og að hann hefði neitað að afhenda brotþola lykla að herberginu væri eftir brotþola haft.

Fram kom hjá vitninu að það hefði í ljósi sögu brotþola skóðað háls hennar sérstaklega en enga áverka fundið á hálsinum. Áverkar hefðu heldur ekki fundist annars staðar á brotþola við ytri skoðun. Þá hefði brotþoli svarað þeirri spurningu

neitandi hvort hún fyndi einhvers staðar til.

J, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu [...], bar fyrir dómi að foreldrar brotaþola hefðu komið á hans fund í kjölfar þess að barnavernd barst tilkynning um málið. Þau hefðu greint vitninu frá málsatvikum sem vitnið hefði skráð hjá sér. Fram hefði komið á fundinum að frásögn stúlunnar hefði tekið breytingum en upphaflega hefði stúlkan lýst atvikum svo að ákærði hefði beitt hana ofbeldi en hún síðar sagst hafa gefið eftir, „... látið undan þrýstingi ... og hérna leyft samfarir gegn því að viðkomandi færi að því loknu.“ Þá hefði faðir brotaþola í upphafi sett ákveðinn fyrirvara við frásögn brotaþola og hann ekki leitað til barnaverndar fyrir en hann hefði verið orðinn öruggur um að það væri rétta leiðin. Vitnið sagðist ekki hafa rætt það sem gerðist við brotaþola sjálfa.

Í kjölfar samtalsins við foreldra brotaþola hefði vitnið ritað lögreglu bréf. Í bréfinu hefði frásögn foreldranna af atvikum verið reifuð og þess óskað að fram færi rannsókn á meintu broti ákærða gegn stúlkunni. Þá hefði vitnið vísað brotaþola til meðferðar í Barnahúsi.

IV

Í málinu liggur frammi vottorð K sálfræðings, dagsett 24. janúar 2018, vegna greiningar og meðferðar brotaþola. Fram kemur í vottorðinu að við gerð þess hafi brotaþoli verið búin að sækja níu viðtöl, fyrst þrjú hjá L, sérfræðingi í klínískri barnasálfræði, og síðan sex hjá vottorðsgjafa, sem tekið hefði við meðferð brotaþola af L.

Í niðurlagi vottorðsins eru teknar saman helstu niðurstöður og álit sálfræðingsins. Þar segir meðal annars að brotaþola hafi greinilega liðið illa þegar meðferðarviðtölin hófust og geri enn. Stúlkan hafi lýst hratt versnandi líðanar í kjölfar meints kynferðisbrots. Brotaþoli upplifi mörg einkenni áfallastreitu. Hún hafi rætt meint brot í viðtölum og virki skýr og trúverðug í frásögn af meintu broti og afleiðingum í kjölfar þess á sína líðan og hegðun. Þegar tekið sé mið af þeim neikvæðu áhrifum sem meint brot hafi haft á brotaþola, birtingu og þróun einkenna og niðurstöður mats- og greiningartækja, sé það álit vottorðsgjafa að stúlkan sé að glíma við umtalsverðar sálrænar- og félagslegar afleiðingar vegna ofbeldisins. Erfitt sé að segja til um það með nokkurri vissu hversu langvarandi erfiðleikar brotaþola komi til með að verða eða hver meðferðarþörf hennar verði til lengri tíma litið en það sé mat sálfræðingsins að hún hafi verulega þörf fyrir áframhaldandi meðferð. Það sé líka algengt að erfiðleikar af því tagi sem brotaþoli glími við taki sig upp aftur í tengslum við aðra reynslu sem fólk verði fyrir og því sé ekki ólíklegt að brotaþoli þurfi á frekari meðferð að halda síðar á lífsleiðinni.

K kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði vottorð sitt. Vitnið kvaðst hafa tekið við meðferð brotaþola í Barnahúsi í tímabundnu leyfi L

sálfræðings. Vitnið hefði alls hitt stúlkuna 22 sinnum. Vitnið staðfesti að brotþoli uppfyllti skilyrði áfallastreituröskunar.

Vitnið sagði brotþola hafa lýst atvikum máls svo fyrir sér að stúlkun hefði sagt ákærða upp á Facetime meðan hann var staddur erlendis. Þegar ákærði hefði komið heim hefði ákærði viljað fá að hitta brotþola til að fá skýringar á því af hverju brotþoli batt enda á samband þeirra. Brotþoli hefði samþykkt með semingi að ákærði kæmi til hennar í því skyni. Ákærði hefði í kjölfarið komið og brotþoli hleypt honum inn. Þau hefðu spjallað eitthvað saman sem síðan hefði endað með því að ákærði hefði nauðgað brotþola inni í herbergi hennar. Vitnið kvað brotþola hafa virkað trúverðuga í viðtölum og hafa sýnt aukin streituvíðbrögð þegar hún ræddi um atvik málsins.

Í málinu liggur einnig frammi vottorð L, sérfræðings í klínískri barnasálfræði, dagsett 19. október 2018, vegna meðferðar brotþola. Í niðurlagi vottorðsins eru teknar saman helstu niðurstöður og álit sérfræðingsins. Þar kemur fram að brotþoli hafi sótt samtals 26 viðtöl í Barnahúsi. Líðan stúlkunnar hafi farið hratt versnandi í kjölfar meints kynferðisbrots og hafi hún upplifað mörg einkenni áfallastreitu. Brotþoli hafi virkað skýr og trúverðug í frásögn sinni af meintu broti og afleiðingum í kjölfar þess á líðan og hegðun. Þegar tekið sé mið af þeim neikvæðu áhrifum sem meint brot hafi haft á brotþola, birtingu og þróun einkenna og niðurstöður mats og greiningartækja sé það álit vottorðsgjafa að stúlkun sé að glíma við umtalsverðar sálrænar og félagslegar afleiðingar vegna ofbeldisins.

L kom fyrir dóm og staðfesti og skýrði vottorð sitt. Vitnið kvaðst í upphafi meðferðar hafa lagt áfallastreitulista fyrir brotþola þar sem hún hefði greinst yfir mörkum. Hjá brotþola hefði jafnframt komið fram að hún hugsaði mikið um atvikið, hún hefði ítrekað endurupplifað það, verið í áfalli og reið. Þá hefðu einnig komið fram sjálfsásakanir og hræðsla við ákærða.

V

Í málinu er ákærða gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, þegar brotþoli var 14 ára gömul, beitt stúlkuna ofbeldi og ólögumatri nauðung með því að læsa sjálfan sig og brotþola inni í herbergi hennar og neita að opna þrátt fyrir að hún bæði hann um það, á meðan þau dvöldu í herberginu handleikið hníf sem ákærði hefði haft meðferðis þar til brotþoli náði hnífnum af honum, tekið um háls brotþola, slegið höfði hennar við vegg, haldið henni niðri í rúmi hennar og í framhaldinu haft samræði við brotþola án samþykkis og gegn vilja hennar en brotþoli hafi hvorki þorað að veita ákærða mótspyrnu né kalla eftir hjálp meðan á samræðinu stóð þar sem hún óttaðist ákærða vegna fyrra framferði hans og taldi að engin fullorðinn væri heima. Ákærði neitar sök og segir þau brotþola hafa haft samfarir umrætt

sinn með hennar samþykki.

Að virtum framburði vitna, sbr. kafla III hér að framan, og þeim skilaboðum sem fyrir liggja í málinu á milli brotaþola og ákærða telur dómurinn upplýst að það var brotaþoli sem átti frumkvæðið að því að slíta sambandi hennar og ákærða. Jafnljóst þykir af framburði vitna og nefndum gögnum að ákærði tók sambandsslitin nærri sér og var ekki tilbúinn til þess að sleppa hendinni af brotaþola.

Upplýst er með framburði ákærða og brotaþola að ákærði beið eftir stúlkunni við heimili hennar þegar hún kom heim að loknum skóladegi 10. febrúar 2017. Einnig liggur fyrir með framburði brotaþola, sérstaklega þeim er hún gaf fyrir dómi í Barnahúsi, að hún hafði áður fallist á að hitta ákærða og ræða við hann.

Ákærða og brotaþola ber saman um að eftir að þau komu inn í herbergi brotaþola hafi þau farið að tala saman. Fyrir dómi bar ákærði að samtal þeirra hefði fyrst verið á rólegum nótum en síðan hefðu þau farið að rífast. Þau hefðu bæði orðið mjög reið og rifrildið orðið hávært og staðið yfir í nokkurn tíma. Meðan á því stóð hefði ákærði læst þau inni í því skyni að tryggja að yngri systur brotaþola kæmu ekki inn og trufluðu þau, svo sem þær hefðu átt til að gera. Ákærði kvaðst hafa haft lykilinn á sér mestan tímann á meðan þau rifust. Brotaþoli hefði krafist þess að ákærði afhenti henni lykilinn en hann neitað. Hún hefði þá ítrekað reynt að ná lyklinum úr höndum hans. Þessi framburður ákærða er í samræmi við og til stuðnings vætti brotaþola um að ákærði hafi, eftir að hann læsti herberginu, ítrekað neitað brotaþola um lykilinn. Samkvæmt því og að öllu framangreindu gættu þykir mega slá því föstu, jafnvel þótt fallist yrði á skýringu ákærða á því af hverju hann læsti herbergisdyrunum í upphafi, að hann hafi með því að neita ítrekað að afhenda brotaþola lykilinn haldið henni nauðugri í herberginu.

Fyrir liggur með framburði ákærða og brotaþola að ákærði kom með hníf inn í herbergið umrætt sinn. Ákærði hefur haldið því fram að hnífurinn hafi verið í úlpuvasa hans fyrir tilviljun og dottið úr vasanum þegar hann kastaði úlpunni út í horn. Hnífinn kvað ákærði hafa verið lokaðan. Brotaþoli hefði tekið hnífinn upp og lagt á kómmóðu í herberginu. Ákærði sagðist hafa látið hnífinn eiga sig, enda hefði hann ekkert ætlað sér með hann þarna inni í herberginu. Brotaþoli bar við aðalmeðferð málsins varðandi hnífinn að ákærði hefði um tíma haldið á honum en hún síðan náð að rífa hann af ákærða. Hnífinn sagði brotaþoli hafa verið lokaðan þegar hún náði honum af ákærða. Hnífnun hefði hún síðan stungið undir sig svo ákærði næði ekki í hann. Í Barnahúsi bar brotaþoli á sömu leið um þetta atriði.

Svo sem að framan er rakið ber ákærða og brotaþola ekki saman um öll þau atvik er hnífnum tengjast. Allt að einu er ljóst með framburði brotaþola að ákærði opnaði hnífinn ekki. Þá fær dómurinn ekki séð að ákærði hafi inni í herberginu

handleikið hnífinn með þeim hætti að slegið verði föstu að það hafi hann gert í því skyni að ógna eða hræða brotþola.

Ákærði hefur neitað að hafa slegið höfði brotþola við vegg í herberginu umrætt sinn. Við aðalmeðferð málsins bar brotþoli um það atriði að þegar hún hefði verið að reyna að losa sig frá ákærða hefði höfuð hennar skolið í vegginn en „... ég veit ekki hvort það var viljandi eða ekki ...“ Þegar að þessum framburði brotþola virtum telur dómurinn ósannað að ákærði hafi af ásetningi slegið höfði brotþola í vegg.

Þá hefur ákærði einnig hafnað þeim framburði brotþola að hann hafi tekið hana hálstaki í aðdraganda þess að hann hafði við hana samfarir. Framburður brotþola um það atriði fær enga haldbæra stoð í gögnum málsins. Þá hefur frásögn hennar hvað þetta atriði varðar ekki verið fyllilega stöðug. Að þessu gættu þykir, gegn eindreginni neitun ákærða, ósannað að ákærði hafi tekið brotþola hálstaki.

Ákærði hefur hafnað ásökunum brotþola um nauðgun og heldur því fram í málinu að brotþoli hafi verið kynmökunum samþykkt. Fyrir dómi lýsti ákærði aðdraganda þess að hann hafði samfarir við brotþola umrætt sinn svo að í kjölfar þess að hann og brotþoli reiddust bæði mjög og til háværs rifrildis kom þeirra á milli, sem staðið hefði yfir í nokkurn tíma, hefðu þau bæði róast niður og þau síðan náð að ræða saman í stutta stund á rólegum nótum. Eftir þær samræður hefði ákærði ákveðið að fara og hann því afhent brotþola herbergislykilinn. Í kjölfarið hefði hann stungið upp á því við brotþola að þau hefðu kynmök í síðasta sinn, svona „bless, bless“ kynmök. Viðurkenndi ákærði fyrir dómi að þegar hann liti til baka myndist honum þetta hafa verið heldur „fljóta spurning“ hjá sér eftir það sem á undan var gengið. Brotþoli hefði í fyrstu ekki svarað spurningunni en þegar ákærði hefði ítrekað hana hefði hún kinkað kalli. Ákærði hefði í kjölfarið spurt brotþola að því hvort hún væri viss og brotþoli þá svarað játandi lágum rómi og síðan kinkað kalli. Í kjölfarið hefðu þau haft kynmök. Þeim lýsti ákærði nánar svo að hann hefði verið með smokk sem hann hefði sjálfur sett upp. Brotþoli hefði legið á bakinu í rúminu og ákærði ofan á henni. Kynmökkin sagði ákærði hafa borið þess merki að bæði hefðu þau fengið þá tilfinningu að „... þetta væri mögulega rangt. ... Þetta var aðeins öðruvísi miðað við venjulega.“ Fullyrti ákærði að kynmökkin hefðu átt sér stað án nokkurs þrýstings af hans hálfu og hefði brotþoli verið þátttakandi í þeim.

Framburður ákærða um það mikilvæga atriði hvernig brotþoli hafi gefið samþykki sitt fyrir samförunum hefur ekki verið stöðugur. Í fyrri skýrslu sinni hjá lögreglu 29. mars 2017 bar ákærði að eftir að hann hefði stungið upp á því að þau hefðu kynmök í síðasta skipti hefði brotþoli verið þögul um stund, mögulega í eina mínútu, en síðan svarað já, að þau gætu gert það síðasta skiptið, en síðan vildi

hún ekki sjá hann aftur. Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu 1. desember 2017 sagði ákærði brotþola hvorki hafa svarað játandi né neitandi, þótt ákærði hefði spurt hana ítrekað, mögulega þrisvar sinnum. Hún hefði hins vegar, eftir að hafa verið hugsí um stund, „svona jatað með hausnum.“ Hún hefði engin orð notað. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði hins vegar um þetta atriði samkvæmt framansögðu að brotþoli hefði í fyrstu ekki svarað spurningunni en þegar ákærði hefði ítrekað hana hefði hún kinkað kolli. Ákærði hefði í kjölfarið spurt brotþola að því hvort hún væri viss og brotþoli þá svarað játandi lágum rómi og síðan kinkað kolli.

Að heildstætt virtum framburði allra þeirra vitna sem brotþoli greindi frá atvikum má ráða að brotþoli hafi greint vinkonum sínum og þeim heilbrigðis starfsmönnum sem hún ræddi við frá með svipuðum eða sambærilegum hætti. Hún hafi hins vegar heldur dregið úr lýsingum á framgöngu ákærða þegar hún sagði foreldrum sínum frá atvikum. Að mati dómsins er þetta ekki til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar brotþola varðandi það, sem hún hefur staðfastlega borið frá upphafi og hvergi hvikað frá, að hún hafi verið því mótfallin ákærði hefði við hana samfarir. Brotþoli hefur jafnframt gefið trúverðugar skýringar á því af hverju hún greindi ekki strax frá því sem gerðist í herberginu. Þá þykir það sem fram er komið í málinu um fyrstu viðbrögð föður brotþola við frásögn stúlkunnar heldur ekki vera til þess fallið að draga úr trúverðugleika frásagnar hennar, enda gaf faðirinn við aðalmeðferð málsins greinargóðar og trúverðugar skýringar á þeim fyrirvara sem hann gerði í fyrstu við frásögn stúlkunnar.

Eins og að framan er rakið hittust ákærði og brotþoli heima hjá stúlkunni umrætt sinn að beiðni ákærða. Sambandi þeirra var þá lokið að frumkvæði brotþola. Tók ákærði sambands slitin nærri sér og átti hann samkvæmt áðursögðu erfitt með að sleppa hendinni af brotþola. Ljóst er af framburði brotþola og ákærða, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að þau voru saman í herbergi brotþola umræddan dag í vel á aðra klukkustund. Ákærði hefur sjálfur borið að þau hafi rifist heiftarlega í talsverðan tíma og þá hefur hann viðurkennt að hafa læst herberginu og ekki sinnt ítrekuðum kröfum brotþola um að hann afhenti henni lykilinn og þannig meinað brotþola för út úr herberginu. Í ljósi alls þessa og með vísan til þess sem áður var rakið er að mati dómsins afar ótrúverðugur sá framburður ákærða að brotþoli hafi verið því samþykkt að hann hefði við hana samfarir, enda verður ekki séð að hann hafi haft nokkra réttmæta ástæðu til að ætla að svo væri. Framburður ákærða í þá veru er því að engu hafandi. Samkvæmt því og öðru framangreindu er það niðurstaða dómsins að ákærða hafi, í ljósi alls sem sem að framan var rakið og sannað þykir um aðstæður umrætt sinn, hlotið að vera ljóst að brotþoli væri samförunum ekki samþykkt og að þær væru gegn hennar vilja. Með vísan til þess og annars þess sem að framan er rakið telur dómurinn að

ákærvaldinu hafi tekist að sanna, gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi beitt brotaþola ólögumætri nauðung á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir með því að læsa þau inni í herbergi brotaþola og neita að opna, þrátt fyrir að brotaþoli bæði hann ítrekað um það, og hafa síðan samræði við brotaþola án hennar samþykkis og gegn vilja hennar, en brotaþoli þorði ekki að veita ákærða mótspyrnu vegna fyrra framferðis hans. Með lýstri háttsemi braut ákærði gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með samræði við brotaþola, sem þá var einungis 14 ára gömul, braut ákærði einnig gegn 1. mgr. 202. gr. sömu laga, svo sem réttilega er vísað til í ákæru.

VI

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing. Hann var 16 ára gamall er hann framdi brot sitt. Skal litið til þessara atriða við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 4. og 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá þykir einnig mega horfa til þess sem fyrir liggur um andleg veikindi ákærða, sbr. vottorð M geðlæknis, dags. 6. nóvember 2018.

Brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga varða fangelsi ekki skemur en í 1 ár og allt að 16 árum. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt kynferðisbrot. Samkvæmt því og að teknu tilliti til þess sem áður var rakið þykir refsing ákærða, eins og hér stendur á og með vísan til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Í ljósi þess sem að framan er rakið um aldur ákærða á verknadarstundu og hagi hans þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII

Í málinu krefst brotaþoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. febrúar 2017, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá því ákærða var birt bótakrafan til greiðsludags.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn brotaþola svo varði við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotaþola og loks umfangs tjónsins. Í dómaframkvæmd hefur

Því verið slegið föstu að brot af því tagi sem hér um ræðir séu almennt til þess fallin að valda þeim sem fyrir verður sálrænum erfiðleikum.

Við mat á miskabótum til handa brotþola þykir mega líta til þess sem fram kemur í vottorðum sálfræðinganna K og L um þær afleiðingar sem brot ákærða hefur haft á liðan brotþola, sbr. kafla IV hér að framan. Framburður þeirra vitna sem skýrslu gáfu fyrir dómi og verið hafa í samskiptum við brotþola eftir að atvik máls gerðust er því jafnframt til stuðnings að stúlkan hafi orðið fyrir umtalsverðum miska við brotið. Með vísan til þessa og að broti ákærða virtu þykja miskabætur til handa brotþola réttilega ákvarðaðar 1.700.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en af gögnum málsins verður ráðið að bótakrafa brotþola hafi verið kynnt ákærða 22. júní 2017.

VIII

Með vísan til sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði dæmist því til að greiða sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti héraðssaksóknara, dagsettu 12. mars 2018, samtals 92.000 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, en þóknun verjanda og réttargæslumanns þykir að umfangi málsins virtu og með hliðsjón af tímaskýrslum lögmannanna hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 2.621.600 krónur í sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar lögmanns, 1.770.720 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, 758.880 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Ákærði greiði brotþola, A, 1.700.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. febrúar 2017 til 22. júlí 2017 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson

